



Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna var opnuð síðastliðinn laugardag að Kjarvalsstöðum. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni eftir Kjarvalsstaðadeiluna og farsælar lyktir hennar, að sýning félagsins skuli komin á fyrri stað aftur. Allt húsið er undirlagt 139 verk eftir 46 listamenn voru valin af sýningarnefnd, úr um 300 verkum er bárust. Valið virðist hafa tekist allvel og sýnir vel þá framsókn og breidd, er einkennir íslenska myndlist í dag. Ýmsar liststefnur eru kynntar og leiðir til margra átta í senn, standa opnar.

Myndir eftir Sigurð Sigurðsson sjást ekki oft á sýningum, en



Skarðatungl Asgerður Búadóttir.



Kísilgúr. Jóhannes Geir Jónsson.



Einar Hákonarson skrifar:

„Allt húsið er undarlegt“

þegar það hendir, er yfirleitt um að ræða þaulhugsuð og vönduð vinnubrögð, þar sem saman fer næmt listrænt innsæi og hljóðleg lotning fyrir viðfangsefninu.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream, er með sinn djarfa pensladrátt í þrem landslagsmyndum, þó klettamynd hennar samsett, nærði ekki saman að sinni.

Jóhannes Geir Jónsson, á

þarna fallegar og stemmningsríkar myndir, og er langt síðan að ég hef séð eins góð myndverk frá hans hendi.

Heiðavötnin hans Kristjáns Davíðssonar, flæða nokkuð spennulaust yfir myndflötinn. Annars standa fáir Kristjáni á sporði hvað snertir meðferð litanna, sem eru hans sterkasta hlið.

Kjartan Guðjónsson slær sveifluna af miklum krafti og virðist aukast öryggi með hverri mynd.

Valtýr Pétursson er hljóðlátari og segir ekki mikið í þeim tveim málverkum, er hann sýnir.

Hörður Agústsson á í all knöppum dansi í smámyndunum sex, sem þarna hanga eftir hann.

„Nýgræðingur“ Einarss Þorlákssonar virkar ekki nægilega þroskaður enn, vegna hrárra lita, Pastelmyndirnar tvær „Uppstilling“ og „Útsaumur“, eru mun samstilltari í litameðferð.

Haukur Dór Sturluson, á þarna allkröftug málverk og teikningar, krafturinn og ákafinn gengur þó úr hófi fram í stóra, rauða málverkinu. Myndþrenna Bjargar Þorsteinsdóttur nær ekki þeirri spennu, sem æskileg væri vegna of jafnra lita og stærða í formi, en hún er faglega gerð.

Gunnar Örn Gunnarsson hefur misst flugið dálítið síðan á sýningu hans í kjallara Norræna hússins, og hefur liturinn aðallega lagt á flötta frá honum.

Nokkur bægslagangur er í myndum Arnar Þorsteinssonar, málverk kallað „Bað“ er all sannfærandi.

Sáldþrykksmyndir Þóðdar Hall eru einu grafíkmyndirnar á sýningunni, og þær eru virkilega vel gerðar myndir og dular.

Mjög áberandi á sýningunni eru „Klippmálararnir“ svo nefndu, með Magnús Kjartansson í broddi fylkingar. Vinnubrögð af þessu tagi eru ekki ný af nálinni. Myndir þeirra Magnússar, Sigurðar Örlygssonar og Ómars Skúlasonar eru að visu ólíkar, en myndhugsunin og afstaðan til myndgerðar er sú sama, og apa þeir sumt hvað eftir öðrum. Ómar og Magnús eru hvað skyldastir, en Sigurður byggir myndir sínar hreinna upp. Myndirnar líkjast milli-bilsástandi átaka og með meiri ögun formsins, kæmi festa í þær. Litameðferðin er þó lengra komin, sérstaklega hjá Ómari.

Bragi Asgeirsson sýnir myndir af kynfærum, sem hann hefur víðað að sér úr ýmsum áttum og klippt til, í þeim tilgangi að skapa vissar stemmnings. Mynd hans „Þinn heimur — mín veröld“ sam-bland af fuglsvængjum o.fl. er sterkasta verk hans á sýningunni.

Eiríkur Smith á smekklega unnar vatnslitamyndir af fólki í landslagi, mér sýndist það vera hulduverur.

Eyjólfur Einarsson er í sókn í sínu málverki, en Jóni Reykdal vantar líf í myndirnar.

Í myndvefnaði ber Asgerður Búadóttir höfuð og herðar yfir stallsystur sínar, sem þarna sýna vefnað, og hef ég ekki í langan tíma séð eins vel unnin og heilleg verk í þessari listgrein.

Myndverk þeirra hjóna Margrétar Þ. Jóelsdóttur og Stephen Fairbairn eru fölar og átakalausar. Það dugir ekki bara vandað og fallett hand-



Tvö SS í morgunleikfimi. Magnús Kjartansson.

bragð, innri optísk spennu verður að koma til.

Skúlptúrinn er af skornum skammti, en eins og oft áður er það kempan Sigurjón Ólafsson, sem heldur uppi merki þeirrar listgreinar hvað mest. Farfuglar hans fljúga vel og af miklum krafti. Og gaman er af stóru hvítu formunum, sem vaxa upp úr gólfinu í endanum á vestri sal.

Myndir Ragnars Kjartanssonar njóta sín mun betur smáar, en stórar. Hallsteinn Sigurðsson er skiptur milli massívra forma og járnaleiks. Glermyndir Eyborgar Guðmundsdóttur taka sig ágætlega út á ganginum.

Leifur Breiðfjörð hefur sérstöðu í íslenskrari list, vegna gler-

mynda sinna, sem eru unnar af smekkvísi og ekki sakar að efnið er mjög fallegt fyrir augað. Stóra hringlaga myndin er skrautleg þegar sólin skín í gegnum hana.

Ég hef leyft mér að finna að einu og öðru á þessari stóru sýningu og gæti sem best tint fleira til, en læt þetta nægja. Haustsýning G.I.M. 1976 sannar enn betur nú, hve nauðsynleg hún er. Ungt fólk fær þarna tækifæri til að koma fram, og viðurkenndara myndlistarfólk kemur oft fram en ella. Almennir kynnist þeim hræringum, sem eru að gerast í myndlist okkar árlega og þá er tilganginum náð. Ég vil því hvetja fólk til þess að skoða þessa sýningu, en hún stendur til 12. september.



Þinn heimur — mín veröld. Bragi Asgeirsson.



Farfuglar. Sigurjón Ólafsson.



Kynjaskógur. Sigurður Sigurðsson.